c.972delG	c.972delG	p.G325Afs*21
c.974dupG	c.974dupG	p.G325fs*7
c.986delA	c.986delA	p.Y329Sfs*18
c.988delC	c.988delC	p.Q330Sfs*17

Tafla 3: Stökkbreytingar sem ekki eru móttækilegar fyrir Galafold (migalastat)

Breyting á kirni	Breyting á kirni	Breyting á próteinröð
c.994delA	c.994delA	p.R332Dfs*15
c.994dupA	c.994dupA	p.R332Kfs*5
c.996_999del	c.996_999del	p.R332fs*14
c.997dupC	c.997dupC	p.Q333Pfs*5
c.1011_1029del	c.1011_1029del	p.F337fs*4
c.1017_1020delins24	c.1017_1020delins24	p.V339fs*7
c.1017_1027del	c.1017_1027del	p.V339fs*5
c.1021delG	c.1021delG	p.E341Nfs*6
c.1025delG	c.1025delG	p.R342Hfs*5
c.1028delC	c.1028delC	p.343Lfs*3
c.1029_1030delTC	c.1029_1030delTC	p.P343fs*29
c.1030_1031insT	c.1030_1031insT	p.L344fs*30
c.1033_1034del	c.1033_1034del	p.S345Rfs*28
c.1037delG	c.1037delG	p.G346Afs*1
c.1040dupT	c.1040dupT	p.L347Ffs*27
c.1041dupA	c.1041dupA	p.L347fs*27
c.1042dupG	c.1042dupG	p.A348Gfs*26
c.1043_1044insG	c.1043_1044insG	p.A348fs*26
c.1049delC	c.1049delC	p.A350Vfs*1
c.1055_1056delCT	c.1055_1056delCT	p.A352Dfs*20
c.1055_1057dup	c.1055_1057dup	p.353insT
c.1057_1058del	c.1057_1058del	p.M353Dfs*20
c.1072_1074del	c.1072_1074del	p.358delE
c.1074_1075del	c.1074_1075del	p.E358Dfs*15
c.1077delT	c.1077delT	p.I359Mfs*31
c.1081_1100del	c.1081_1100del	p.G360fs*7
c.1086_1098del	c.1086_1098del	p.P362fs*24
c.1088delG	c.1088delG	p.R363Pfs*27
c.1091_1092del	c.1091_1092del	p.S364Lfs*9
c.1093dupT	c.1093dupT	p.Y365Lfs*9
c.1095delT	c.1095delT	p.Y365X
c.1096_1100del	c.1096_1100del	p.Y365fs*7
c.1102delG	c.1102delG	p.A368Qfs*21
c.1102delGinsTTATAC	c.1102delGinsTTATAC	p.A368delinsFYfs*23
c.1114_1115insTCCC	c.1114_1115insTCCC	p.G373Pfs*1
c.1122_1125del	c.1122_1125del	p.K374fs*15
c.1123_1175del	c.1123_1175del	p.G375_R392del
c.1124_1129del	c.1124_1129del	G375_V376del
c.1129_1140dup	c.1129_1140dup	A377_P380dup
c.1139delC	c.1139delC	p.380Lfs*10
c.1145_1149del	c.1145_1149del	p.C382Yfs*14
c.1146_1148del	c.1146_1148del	p.383delF
c.1151_1152delinsAT	c.1151_1152delinsAT	p.I384N
c.1156_1157del	c.1156_1157del	p.Q386Afs*10
c.1167dupT	c.1167dupT	p.P389fs*9
c.1168insT	c.1168insT	p.V390fs*9
c.1176_1179del	c.1176_1179del	p.R392Sfs*1
c.1177_1178del	c.1177_1178del	p.K393Afs*4
c.1181_1183dup	c.1181_1183dup	L394_G395insV
c.1181_1192del	c.1181_1192del	p.L394_E398delinsQ

Tafla 3: Stökkbreytingar sem ekki eru móttækilegar fyrir Galafold (migalastat)

Breyting á kirni	Breyting á kirni	Breyting á próteinröð
c.1187delT	c.1187delT	p.F396Sfs*7
c.1187dupT	c.1187dupT	p.F396fs*2
c.1188delC	c.1188delC	p.F396fs*7
c.1193_1196delAATG	c.1193_1196delAATG	p.E398Gfs*3
c.1201dupT	c.1201dupT	p.S401Ffs*49
c.1202dupC	c.1202dupC	p.R402Kfs*48
c.1208delT	c.1208delT	p.L403X
c.1208ins21	c.1208ins21	ÓÞEKKT
c.1209_1211del	c.1209_1211del	p.404delR
c.1223delA	c.1223delA	p.N408Ifs*9
c.1226_1231del	c.1226_1231del	p.409_410delinsR
c.1235_1236del	c.1235_1236del	p.T412Sfs*37
c.1277_1278del	c.1277_1278del	p.K426Rfs*23
c.1281_1282insCTTA	c.1281_1282insCTTA	p.L429Ifs*21
c.1284_1287del	c.1284_1287del	p.L428Ffs*23
g.941_5845del	c.1-179_369+577del	p.?(Exon1_2del)
g.2594_10904dup	c.195-2500_999+197dup	ÓÞEKKT
g.2934_6378del	c.194+1561_370-891del	ÓÞEKKT (E66_Y123del; del Exon2?)
g.2979_6442del	c.194+1606_369+1174del	ÓÞEKKT (E66_Y123del; del Exon2)
g.3260_6410del	c.194+1887_370-859del	ÓÞEKKT (E66_Y123del; del Exon2?)
g.3396_6012del	c.194+2023_370-1257del	ÓÞEKKT (E66_Y123del; del Exon2?)
g.3422_6041delinsCG	c.194+2049_369+773del2620ins CG	ÓÞEKKT
g.5052_5079del28	g.5052_5079del28	ÓÞEKKT
g.5106_5919delins231	c.207_369+651del814ins231	ÓÞEKKT (del Exon2?)
g.5271_9366del4096insT	c.369+3_639+954del3129insT	ÓÞEKKT (del Exon3 og 4?)
g.6009_9741del	c.369+741_640-390del	ÓÞEKKT (del Exon3 og 4?)
g.6547_9783del	c.369+1279_640-348del	ÓÞEKKT (del Exon3 og 4?)
g.6736_11545del	c.370-533_c.1290+277del	ÓÞEKKT (del Exon3_7?)
g.7086_7487del	c.370-183_547+41del	ÓÞEKKT (del Exon3?)
g.[10237_11932del; 11933_12083inv; 12084_12097del]	g.10237_11932del/11933_12083inv/12084_12097del	ÓÞEKKT
g.>5.5kdel to 3UTR	c.?_?del	ÓÞEKKT (delExon3_3'UTR?)
g.?_?del	c.?_?	ÓÞEKKT (del Exon1_2?)
g.?_?del	c.195-?_547+?del	ÓÞEKKT (del Exon2_3?)
g.?_?del	c.?_?del	ÓÞEKKT (del Exon5_7?)
g.?_?dup	c.?_?dup	ÓÞEKKT (Exon2_4dup?)
IVS1+2T>C	c.194+2T>C	ÓÞEKKT
IVS1+39delAT	c.194+39delAT	ÓÞEKKT
IVS1-1G>A	c.195-1G>A	ÓÞEKKT
IVS1-1G>T	c.195-1G>T	ÓÞEKKT

Tafla 3: Stökkbreytingar sem ekki eru móttækilegar fyrir Galafold (migalastat)

Breyting á kirni	Breyting á kirni	Breyting á próteinröð
IVS1-2A>G	c.195-2A>G	ÓÞEKKT
IVS1-2A>G; IVS1-49T>C	c.195-2A>G/195-49T>C	ÓÞEKKT
IVS2+1G>A	c.369+1G>A	ÓÞEKKT
IVS2+1G>T	c.369+1G>T	ÓÞEKKT
IVS2+2T>G	c.369+2T>G	ÓÞEKKT
IVS2-2A>G	c.370-2A>G	ÓÞEKKT
IVS3+1G>A	c.547+1G>A	ÓÞEKKT
IVS3+1G>C	c.547+1G>C	ÓÞEKKT
IVS3+1G>T	c.547+1G>T	ÓÞEKKT
IVS3-1G>A	c.548-1G>A	ÓÞEKKT
IVS3-1G>C	c.548-1G>C	ÓÞEKKT
IVS3-1G>T	c.548-1G>T	ÓÞEKKT
IVS3-2A>G	c.548-2A>G	ÓÞEKKT
IVS3-162A>T	c.548-162A>T	ÓÞEKKT
IVS4+1G>A	c.639+1G>A	ÓÞEKKT
IVS4+1G>C	c.639+1G>C	ÓÞEKKT
IVS4+4A>T	c.639+4A>T	ÓÞEKKT
IVS4+861C>T	c.639+861C>T	ÓÞEKKT
IVS4+919G>A	c.639+919G>A	ÓÞEKKT
IVS4-1G>A	c.640-1G>A	ÓÞEKKT
IVS4-1G>T	c.640-1G>T	ÓÞEKKT
IVS4-2A>T	c.640-2A>T	ÓÞEKKT
IVS4-3C>G	c.640-3C>G	ÓÞEKKT
IVS4-4A>C	c.640-4A>C	ÓÞEKKT
IVS4-11T>A	c.640-11T>A	ÓÞEKKT
IVS4-859C>T	c.640-859C>T	ÓÞEKKT
IVS5+1G>T	c.801+1G>T	ÓÞEKKT
IVS5+2T>C	c.801+2T>C	ÓÞEKKT
IVS5+3A>G	c.801+3A>G	ÓÞEKKT
IVS5+3A>T	c.801+3A>T	ÓÞEKKT
IVS5+4A>G	c.801+4A>G	ÓÞEKKT
IVS5-2A>G	c.802-2A>G	ÓÞEKKT
IVS6+1G>T	c.999+1G>T	ÓÞEKKT
IVS6+2T>C	c.999+2T>C	ÓÞEKKT
IVS6-1G>A	c.1000-1G>A	ÓÞEKKT
IVS6-1G>C	c.1000-1G>C	ÓÞEKKT
IVS6-2A>G	c.1000-2A>G	ÓÞEKKT
IVS6-2A>T	c.1000-2A>T	ÓÞEKKT
IVS6-10G>A; IVS6-22C>T	c.1000-10G>A/1000-22C>T	ÓÞEKKT

NP GAL 0719

Ekki hafa allar stökkbreytingar verið prófaðar.

Lyfhrif

Meðferð með Galafold í 2. stigs rannsóknum á lyfhrifum olli almennri aukningu á virkni innræns α -Gal A í hvítum blóðkornum sem og í húð og nýrum hjá meirihluta sjúklinga. Hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar var tilhneiging til lækkunar á magni GL-3 í þvagi og millivefsháræðum í nýrum.

Verkun og öryggi

Klínísk verkun og öryggi Galafold hefur verið metið í tveimur 3. stigs lykilrannsóknnum og í tveimur opnum framhaldsrannsóknnum (OLE). Allir sjúklingar fengu ráðlagða skammtinn 123 mg af Galafold annan hvern dag.

Fyrri 3. stigs rannsóknin (ATTRACT) var slembiröðuð, opin rannsókn með virkum samanburði þar sem lagt var mat á verkun og öryggi Galafold samanborið við ensímuppbótarmeðferð (ERT) (agalsíðasi beta, agalsíðasi alfa) hjá 52 körlum og konum með Fabry-sjúkdóm sem fengu ensímuppbótarmeðferð áður en rannsóknin hófst og eru með móttækilegar stökkbreytingar (rannsókn á sjúklingum með reynslu af ensímuppbótarmeðferð). Rannsóknin var gerð á tveimur tímabilum. Á fyrra tímabilinu (18 mánuðum) var sjúklingum með reynslu af ensímuppbótarmeðferð slembað í skiptingu úr ERT í Galafold eða haldið áfram á ERT. Seinna tímabilið var valfrjáls 12 mánaða opin framlenging þar sem allir þátttakendur fengu Galafold.

Seinni 3. stigs rannsóknin (FACETS) var 6 mánaða slembiröðuð, tvíblind samanburðarrannsókn með lyfleysu (í 6 mánuði) með 18 mánaða opnu tímabili til að meta verkun og öryggi Galafold hjá 50 karl- og kvenkyns sjúklingum með Fabry-sjúkdóm sem höfðu ekki fengið ERT áður eða höfðu áður fengið ERT og höfðu hætt að nota það í a.m.k. 6 mánuði og eru með móttækilegar stökkbreytingar (rannsókn hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppbótarmeðferð (ERT-naive)).

Fyrri OLE-rannsóknin (AT1001-041) náði til sjúklinga úr 2. og 3. stigs rannsóknnum og er nú lokið. Meðalútsetning við markaðssetta skammtinn Galafold 123 mg QOD hjá sjúklingum sem höfðu lokið þátttöku í rannsókninni AT1001-041 var 3,57 (\pm 1,23) ár (n = 85). Hámarksútsetning var 5,6 ár.

Seinni OLE-rannsóknin (AT1001-042) stendur enn yfir og nær til sjúklinga sem bæði höfðu verið færðir úr OLE AT1001-041 rannsókninni og beint úr 3. stigs ATTRACT-rannsókninni.

Nýrnastarfsemi

Í rannsókninni hjá sjúklingum með reynslu af ensímuppbótarmeðferð hélst nýrnastarfsemi stöðug í allt að 18 mánuði meðan á meðferð með Galafold stóð. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli fyrir eGFR_{CKD-EPI} var -0,40 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -2,272, 1,478; n=34) í Galafold hópnum samanborið við -1,03 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -3,636, 1,575; n=18) í ERT-hópnum. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli frá grunnildi í eGFR_{CKD-EPI} í sjúklingum sem fengu 30 mánaða meðferð með Galafold var -1,72 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -2,653, -0,782; n=31).

Í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppbótarmeðferð (ERT-naive) og opinni framhaldsrannsókn hélst nýrnastarfsemi stöðug meðan á allt að 5 ára meðferð með Galafold stóð. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli fyrir eGFR_{CKD-EPI} var -0,74 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -1,89, 0,40; n=41) eftir að meðaltali 3,4 ára meðferð. Enginn klínískt marktækur munur kom fram á fyrsta 6 mánaða samanburðartímabilinu með lyfleysu.

Stöðull fyrir massa vinstri slegils (left ventricular mass index, LVMI)

Eftir 18 mánaða meðferð með Galafold í rannsókn hjá sjúklingum með reynslu af ensímuppbótarmeðferð kom fram tölfræðilega marktæk lækkun á LVMI (p < 0,05). Grunnildin voru 95,3 g/m² fyrir Galafold hlutann og 92,9 g/m² fyrir ERT hlutann og meðalbreyting frá grunnildi í LVMI í 18. mánuði var -6,6 (95% CI: -11,0, -2,1; n=31) hjá Galafold og -2,0 (95% CI: -11,0, 7,0; n=13) hjá ERT. Breytingin á LVMI (g/m²) frá grunnildi að 18. mánuði hjá sjúklingum með þykknun vinstri slegils (konum með LVMI > 95 g/m² við grunnildi og körlum með LVMI > 115 g/m²) við grunnildi var -8,4 (95% CI: -15,7, 2,6; n=13) fyrir migalastat og 4,5 (95% CI: -10,7, 18,4; n=5) fyrir ERT. Eftir 30 mánaða meðferð með Galafold var meðalbreyting frá grunnildi LVMI -3,8 (95% CI: -8,9, 1,3; n=28) og meðalbreyting frá grunnildi LVMI í sjúklingum með þykknun vinstri slegils á grunnildi var -10,0 (95% CI: -16,6, -3,3; n=10).

Í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppbótarmeðferð olli Galafold tölfræðilega marktækri lækkun á LVMi ($p < 0,05$); meðalbreyting á LVMi frá grunnildi í 18. til 24. mánuði var -7,7 (95% CI: -15,4, -0,01; $n=27$). Við eftirfylgni í opnu framhaldsrannsókninni var meðalbreyting frá grunnildi LVMi í 36. mánuði -8,3 (95% CI: -17,1, -0,4; $n=25$) og í 48. mánuði -9,1 (95% CI: -20,3, 2,0; $n=18$). Meðalbreyting frá grunnildi á LVMi í 18. til 24. mánuði hjá sjúklingum með stækkun vinstri slegils við grunnildi (konur með LVMi $> 95 \text{ g/m}^2$ við grunnildi og karlar með LVMi $> 115 \text{ g/m}^2$ við grunnildi) var -18,6 (95% CI: -38,2, 1,0; $n=8$). Við eftirfylgni í opnu framhaldsrannsókninni var meðalbreyting frá grunnildi á LVMi hjá sjúklingum með stækkun vinstri slegils við grunnildi í 36. mánuði -30,0 (95% CI: -57,9, -2,2; $n=4$) og í 48. mánuði -33,1 (CI: -60,9, -5,4). Enginn klínískt marktækur munur á LVMi kom fram á fyrsta 6 mánaða samburðartímabilinu með lyfleysu.

Hvarfefni sjúkdómsins

Í rannsókninni hjá sjúklingum með reynslu af ERT-meðferð jókst magn lyso-Gb₃ í plasma lítillega en helst lágt og stöðugt hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar sem fengu Galafold meðferð í 30 mánuði rannsóknarinnar. Magn lyso-Gb₃ plasma helst einnig lágt hjá sjúklingum á ERT í allt að 18 mánuði.

Í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ERT-meðferð sýndi Galafold fram á marktæka minnkun á magni lyso-Gb₃ í plasma og minni uppsöfnun GL-3 í millivefsháræðum í nýrum hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar. Sjúklingar sem slembiraðað var til að fá Galafold á 1. stigi sýndu tölfræðilega marktæka fækkun (\pm SEM) á meðaltali GL-3 útfellinga í millivefsháræðum (-0,25 \pm 0,10; -39%) í 6. mánuði samanborið við lyfleysu (+0,07 \pm 0,13; +14%) ($p = 0,008$). Sjúklingar sem slembiraðað var til að fá lyfleysu á 1. stigi og skiptu yfir í Galafold í 6. mánuði (2. stigi) sýndu einnig fram á tölfræðilega marktæka fækkun á GL-3 uppsöfnun í millivefsháræðum í 12. mánuði (-0,33 \pm 0,15; -58%) ($p=0,014$). Eigindleg minnkun á GL-3 kom fram í mörgum frumugerðum í nýrum: fætlufrumum (podopodocytes), milliæðafrumum (mesangial) og æðapelsfrumum í gauklum, í sömu röð, við 12 mánaða meðferð með Galafold.

Samsettar klínískar niðurstöður

Í greiningu á samsettri klínískri niðurstöðu sem tók til sjúkdómstílvika eða dauðsfalla sem tengdust nýrum, hjarta og heilaæðum, kom fram að tíðni tilvika í Galafold meðferðarhópnum var 29% samanborið við 44% í ERT-hópnum á 18 mánuðum. Tíðni tilvika í sjúklingum sem fengu Galafold á 30 mánuðum (32%) var sambærileg og á 18 mánaða tímabilinu.

Niðurstöður sem tilkynntar voru af sjúklingum- Matskvarði fyrir einkenni frá meltingarvegi

Í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppbótarmeðferð sýndi greining á matskvarða fyrir einkenni frá meltingarvegi (Gastrointestinal Symptoms Rating Scale) fram á að meðferð með Galafold tengdist tölfræðilega marktækri ($p < 0,05$) framför samanborið við lyfleysu frá grunnildi að 6. mánuði hvað varðar niðurgang og hvað varðar bakflæði hjá sjúklingum með einkenni við grunnildi. Í opnu framhaldsrannsókninni kom fram tölfræðilega marktæk ($p < 0,05$) hækkun frá upphafsgildi hvað varðar niðurgang og meltingartruflanir með tilhneigingu til framfarar hvað varðar hægðatregðu.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Galafold hjá einum eða fleiri undirhópnum barna við meðferð á Fabry-sjúkdómi (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Heildaraðgengi (AUC) fyrir stakan 150 mg skammt af migalastat hýdróklóríði til inntöku eða stakt 2 klst. innrennsli með 150 mg í bláæð var u.þ.b. 75%. Eftir stakan 150 mg skammt af migalastat

hýdróklóríð lausn til inntöku náðist hámarksplasmabéttni eftir u.þ.b. 3 klst. Skammtaháð hækkun á útsetningu migalastat í plasma ($AUC_{0-\infty}$) og C_{max} kom fram við 50 mg til 1.250 mg skammta af migalastati hýdróklóríði til inntöku.

Migalastat hýdróklóríð sem gefið var með fituríkri máltíð, einni klukkustund fyrir fituríka eða léttu máltíð eða einni klukkustund eftir léttu máltíð hafði í för með sér marktæka 37% til 42% meðaltalsminnkun á heildarútsetningu migalastats ($AUC_{0-\infty}$) og 15% til 40% meðaltalsminnkun á hámarksútsetningu migalastats (C_{max}) í samanburði við fastandi ástand. Sjá kafla 4.2.

Dreifing

Hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum var dreifingarrúmmál (V_z/F) migalastats eftir hækkanði staka skammta til inntöku (25-675 mg migalastat HCl) á bilinu 77 til 133 l, sem gefur til kynna að það dreifist vel inn í vefi og betur en heildarvatnsmagn líkamans (42 lítrar). Engin greinanleg próteinbinding í blóði kom fram eftir gjöf á [^{14}C]-migalastat hýdróklóríði í styrkleikanum 1 til 100 μM .

Umbrot

Samkvæmt *in vivo* upplýsingum er migalastat hvarfefni fyrir UGT og er minniháttar brotthvarfsleið. Migalastat er ekki hvarfefni fyrir P-glykóprótein (P-gp) *in vitro* og talið er ólíklegt að migalastat komi við sögu í milliverkunum sem verða fyrir tilstilli cýtókróms P450. Rannsókn á lyfjahvörfum hjá heilbrigðum karlkyns sjálfboðaliðum með 150 mg af [^{14}C]-migalastat HCl sýndi fram á að 99% af geislamerktum skammti sem endurheimtist í plasma innihélt óbreytt migalastat (77%) og 3 vetnisvipt samtengd umbrotsefni O-glúkúróníðs, M1 til M3 (13%). Um það bil 9% af heildargeislavirkninni var óskilgreind.

Brotthvarf

Rannsókn á lyfjahvörfum hjá heilbrigðum karlkyns sjálfboðaliðum með 150 mg af [^{14}C]-migalastat hýdróklóríði sýndi fram á að u.þ.b. 77% af geislamerktum skammti endurheimtist í þvagi þar sem 55% skildust út sem óbreytt migalastat og 4% sem samsettu umbrotsefnin M1, M2 og M3. U.þ.b. 5% af heildar geislavirkniþrúfunni voru óskilgreind. Um það bil 20% af heildar geislamerktu skammtinum skildust út með hægðum, þar sem óbreytt migalastat var eini mælanlegi hlutinn.

Eftir gjöf á stökum hækkanði skömmtum til inntöku (25-675 mg af migalastat hýdróklóríði) kom engin tilhneiging í ljós fyrir úthreinsun, CL/F). Eftir 150 mg skammtinn var CL/F u.þ.b. 11 til 14 l/klst. Eftir gjöf á sömu skömmtum var meðalhelmingunartími brotthvarfs ($t_{1/2}$) u.þ.b. 3 til 5 klukkustundir.

Sérstakir sjúklingahópar

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi

Galafold hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm sem eru með gauklasíunarhraða sem er minni en 30 ml/mín./1,73 m². Í rannsókn á stökum skömmtum af Galafold hjá sjúklingum sem ekki voru með Fabry-sjúkdóminn en með mismikið skerta nýrnastarfsemi, jókst útsetning 4,3-falt hjá sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi ($GFR < 30$ ml/mín./1,73 m²).

Sjúklingar með skerta lifrastarfsemi

Engar rannsóknir hafa verið gerðar hjá einstaklingum með skerta lifrastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir að skert lifrastarfsemi hafi áhrif á lyfjahvörf migalastats í gegnum umbrot og útskilnað.

Aldraðir (> 65 ára)

Klínískar rannsóknir á Galafold voru gerðar hjá fáeinum sjúklingum 65 ára og eldri. Áhrif aldurs voru metin með þýðisgreiningu á lyfjahvörfum á úthreinsun migalastats úr plasma í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ERT-meðferð. Munurinn á úthreinsun hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm ≥ 65 ára og < 65 ára var 20% sem ekki var talin hafa klíníska þýðingu.

Kyn

Ekki kom fram marktækur munur á milli lyfjahvarfafræðilegra eiginleika migalastats hjá konum og körlum, hvorki hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum né hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar rannsóknir benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli rannsókna á stökum og endurteknum skömmtum, að undanskildri skammvinnri ófrjósemi hjá karlkyns rottum í tengslum við migalastat meðferðina, sem gekk að fullu til baka. Tilkynnt var um ófrjósemina sem tengdist migalastat meðferðinni við skammta sem samsvara venjulegum skömmtum hjá mönnum. Ófrjósemin var gengin til baka að fullu 4 vikum eftir að meðferð var hætt. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram forklínískt eftir meðferð með öðrum imínósykrum. Í rannsóknum á eiturverkunum á fósturvísi og fóstur hjá kaninum komu niðurstöður eins og fósturdaði, minnkun á meðalþyngd fósturs, hægari beinmyndun og örlítið aukin tíðni minniháttar afbrigðileika í beinagrind, eingöngu fram við skammta sem tengdust eiturverkunum á móður.

Í 104-vikna rannsókn á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá rottum kom fram aukin tíðni kirtilæxla í briseyjum hjá karldýrum við skammt sem er 19-falt hærra en útsetning (AUC) við klínískt virkan skammt. Þetta er algengt sjálfsprottið æxli hjá karlkyns rottum sem eru fóðraðar að vild (*ad libitum*). Þar sem ekki hafa komið fram sambærilegar niðurstöður hjá kvendýrum, engar niðurstöður hafa komið fram í rannsókn á eiturverkunum á erfðaefni eða á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá Tg.rasH2 músunum og engar forstigsbreytingar brisæxlis hjá nagdýrum og öpum, er þessi niðurstaða hjá karlkyns rottum ekki talin meðferðartengd og mikilvægi hennar fyrir menn er ekki þekkt.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Forhleypt sterkja (maís)
Magnesíumsterat

Hylkisskel

Gelatín
Títantvíoxíð (E171)
Indigótín (E132)

Prentblek

Gljálakk
Svart járnnoxíð
Kalíumhýdroxíð

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

4 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð íláts og innihald

PVC / PCTFE / PVC / álþynnur.
Pakkningastærð með 14 hylkjum.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Amicus Therapeutics UK Ltd
Phoenix House,
Oxford Road,
Tatling End,
Gerrards Cross,
Buckinghamshire
SL9 7AP
Bretland
sími +44 1753 888 567
bréfasími +44 1753 437 192
netfang info@amicusrx.co.uk

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1082/001

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

26. maí 2016

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

DD mánuður ÁÁÁÁ

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. **FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. **FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. **AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. **FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Almac Pharma Services Limited
Seago Industrial Estate
Portadown, Craigavon
BT63 5UA
Bretland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá Viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

Markaðsleyfishafi skal leggja fram fyrstu samantektina um öryggi lyfsins innan 6 mánaða frá útgáfu markaðsleyfis.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• Áætlun um áhættustjórnun

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmarkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Galafold 123 mg hörð hylki
mikalastat

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hylki inniheldur mikalastat hýdróklóríð sem jafngildir 123 mg af mikalastati

3. HJÁLPAEFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

14 hörð hylki

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Ekki skal borða mat að minnsta kosti 2 klst. fyrir og 2 klst. eftir töku lyfsins svo a.m.k. 4 klst. fasta náist. Takið lyfið á sama tíma hverju sinni.

Gleypið hylkin í heilu lagi. Hylkið má hvorki skera, mylja né tyggja.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

Til inntöku.

Takið Galafold hylki annan hvern dag og þrýstið út götuðu hringjunum á þynnuvasanum þá daga sem þú tekur ekki Galafold.

Leiðbeiningar um opnun

1. ÞRÝSTIÐ á og haldið niðri flípanum til vinstri
2. DRAGIÐ kortið út til hægri
3. ÝTIÐ kortinu í gegnum þynnuna
4. ÝTIÐ kortinu aftur inn í hulstrið

Til að nálgast fylgiseðilinn skaltu skanna kóðann hér fyrir neðan.



+ www.galafoldsmpc.co.uk

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Amicus Therapeutics UK Ltd
Phoenix House,
Oxford Road,
Tatling End,
Gerrards Cross,
Buckinghamshire
SL9 7AP
Bretland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/15/1082/001

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

galafold 123 mg hörð hylki

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

ÞYNNUVASI

1. HEITI LYFS

Galafold 123 mg hörð hylki
mígalastat

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

Amicus Therapeutics UK, Ltd

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP:

4. LOTUNÚMER

Lot:

5. ANNAÐ

Sjá frekari upplýsingar í fylgiseðli.

Þrýstið götuðu hringjunum út þá daga sem þú tekur ekki Galafold.

Galafold á að taka annan hvern dag.

Upphafsdagsetning:

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

ÁLÞYNNA

1. HEITI LYFS

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

3. FYRNINGARDAGSETNING

4. LOTUNÚMER

Lot:

5. ANNAÐ

B. FYLGISEDILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Galafold 123 mg hörð hylki

Migalastat

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram. Aftast í kafla 4 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Galafold og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Galafold
3. Hvernig nota á Galafold
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Galafold
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Galafold og við hverju það er notað

Galafold inniheldur virka efnið migalastat.

Þetta lyf er ætlað til langtímameðferðar á Fabry-sjúkdómi hjá fullorðnum og unglíngum 16 ára og eldri sem eru með ákveðnar erfðafræðilegar stökkbreytingar (umskipti).

Fabry-sjúkdómurinn er af völdum skorts eða galla á ensími sem kallast alfa-galaktósíðasi A (α -Gal A). Það fer eftir því hvers konar stökkbreyting (umskipti) hefur átt sér stað í geninu sem framleiðir α -Gal A hvort ensímið virkar ekki rétt eða er ekki til staðar. Þessi ensímgalli leiðir til óeðlilegrar uppsöfnunar á fituefni sem kallast glóbótíraosýlkeramíð (GL-3) í nýrum, hjarta og öðrum líffærum, sem veldur einkennum Fabry-sjúkdóms.

Lyfið virkar með því að auka stöðugleika ensímsins sem líkaminn framleiðir náttúrulega, til að það geti dregið frekar úr því magni GL-3 sem hefur safnast upp í frumum og vefjum.

2. Áður en byrjað er að nota Galafold

Ekki má nota Galafold:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir migalastati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)

Varnaðarorð og varúðarreglur

Ráðfærðu þig við lækinn áður en þú tekur Galafold ef þú ert að taka lyf í ensímuppbótarmeðferð. Þú skalt ekki taka Galafold ef þú ert í ensímuppbótarmeðferð.

Læknirinn mun fylgjast með ástandi þínu og hvort lyfið virki á 6 mánaða fresti á meðan þú tekur Galafold. Ef ástand þitt versnar getur verið að læknirinn þurfi að meta þig frekar eða hætti meðferð þinni með Galafold.

Börn og unglingar

Lyfið hefur ekki verið rannsakað hjá börnum og unglingum yngri en 16 ára, því hefur ekki verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi.

Notkun annarra lyfja samhliða Galafold

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, vegna þess að ákveðin lyf geta aukið eða minnkað magn Galafold í líkamanum.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Meðganga

Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun lyfsins á meðgöngu. Við meðgöngu, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð, má ekki nota lyfið fyrir en þú hefur ráðfært þig við lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn. Þú skalt nota örugga getnaðarvörn á meðan þú tekur Galafold.

Brjóstgjöf

Þú mátt ekki taka lyfið ef þú ert með barn á brjósti fyrir en þú hefur rætt við lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn. Ekki er enn vitað hvort lyfið skilst út í brjóstamjólki. Læknirinn mun ákveða hvort hætta eigi brjóstgjöf eða stöðva tímabundið lyfjagjöfina.

Frjósemi hjá körlum

Ekki er enn vitað hvort lyfið hefur áhrif á frjósemi hjá körlum. Áhrif Galafold á frjósemi hjá mönnum hafa ekki verið rannsökuð.

Frjósemi hjá konum

Ekki er enn vitað hvort lyfið hefur áhrif á frjósemi hjá konum.

Ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Akstur og notkun véla


Ólíklegt er að lyfið hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

3. Hvernig nota á Galafold

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Takið eitt hylki annan hvern dag á sama tíma á hverjum degi. Ekki má taka Galafold tvo daga í röð. Ekki skal borða mat í að minnsta kosti 2 klst. fyrir og 2 klst. eftir að lyfið er tekið. Nauðsynlegt er að fasta í að minnsta kosti 4 klst. í kringum lyfjatökuna svo lyfið geti frásogast að fullu. Drekkja má tæra vökva, þ.m.t. kolsýrðra drykki á þessu tímabili.


Gleypið hylkið í heilu lagi. Hylkið má hvorki skera, mylja né tyggja.




Einn Galafold þynnuvasi = 14 hörð hylki = 28 meðferðardagar




Fyrsta daginn sem þú tekur lyfið úr nýjum þynnuvasa, skaltu skrá dagsetninguna á þynnuvasann.



Síðan skaltu þrýsta út hylkinu lengst til vinstri sem merkt er dagur 1.



Næsta dag skaltu þrýsta út gataða hvíta hringnum sem merktur er dagur 2. Þetta hjálpar þér að muna hvaða dag þú tókst ekki lyfið. Þú mátt aðeins taka Galafold einu sinni annan hvern dag.



Ef tekinn er stærri skammtur af Galafold en mælt er fyrir um

Ef þú tekur fleiri hylki en mælt var fyrir um skaltu hætta að taka lyfið og hafa samband við lækinn. Þú gætir fundið fyrir höfuðverk og sundli.

Ef gleymist að taka Galafold

Ef gleymist að taka hylkið á venjulegum tíma en munað er eftir því síðar um daginn, skal aðeins taka hylkið ef það er innan 12 klst. frá venjulegum skammtatíma. Ef meira en 12 klst. eru liðnar ættir að halda áfram að taka Galafold á næsta fyrirhuguðum skammtadegi og -tíma í samræmi við skammta annan hvern dag. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Ef hætt er að nota Galafold

Ekki má hætta að taka lyfið án samráðs við lækinn.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Mjög algengar: geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Höfuðverkur

Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Hjartsláttarónot (tilfinning um hraðan eða óreglulegan hjartslátt)
- Snúningstilfinning (svimi)
- Niðurgangur
- Ógleði (velgja)
- Magaverkur
- Hægðatregða
- Munnþurrkur
- Skyndileg hægðabörf
- Meltingartregða (meltingartruflun)
- Þreyta
- Aukið magn kreatínkínasa í blóðprufum
- Þyngdaraukning
- Vöðvakrampar
- Vöðvaverkir (vöðvaþrautir)
- Aumur, stífur háls (háls sveigur)
- Náladofi í útlimum (tilfinningaglöp)
- Sundl
- Minnkað snertiskyn eða tilfinning (tilfinningavannæmi)
- Þunglyndi
- Prótein í þvagini (prótínmiga)
- Mæði (andnað)
- Blóðnasir
- Útbrot
- Viðvarandi kláði
- Verkir

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Galafold

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og þynnunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Galafold inniheldur

- Virka innihaldsefnið er migalastat. Hvert hylki inniheldur migalastat hýdróklóríð sem jafngildir 123 mg af migalastati
- Önnur innihaldsefni eru:
Innihald hylkis: Forhleypt maíssterkja og magnesíumsterat
Hylkisskel: Gelatín, títantvíoxíð og indígótín
Prentblek: Gljálakk, svart járnoxíð og kalíumhýdroxíð

Lýsing á útliti Galafold og pakkningastærðir

Ógegnisæ, blá og hvít hörð hylki, merkt með áletruðu „A1001“ með svörtu bleki sem innihalda hvítt til ljósbrúnt duft.

Galafold er fánlegt í þynnupakkningu sem inniheldur 14 hylki.

Markaðsleyfishafi

Amicus Therapeutics UK Ltd
Phoenix House,
Oxford Road,
Tatling End,
Gerrards Cross,
Buckinghamshire
SL9 7AP
Bretland
sími +44 1753 888 567
bréfasími +44 1753 437 192
netfang info@amicusrx.co.uk

Framleiðandi

Almac Pharma Services Limited
Seagoe Industrial Estate
Portadown, Craigavon
BT63 5UA
Bretland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið (ef þú nærð ekki í Amicus fulltrúa þinn í síma skaltu hafa samband á netfangið hér fyrir neðan):

België/Belgique/Belgien

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tél/Tel: 080079245
Email: MedInfo@amicusrx.com

Lietuva

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 880033167
Email: MedInfo@amicusrx.com

България

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Тел.: 008001113214
Email: MedInfo@amicusrx.com

Luxembourg/Luxemburg

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tél/Tel: 80027003
Email: MedInfo@amicusrx.com

Česká republika

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 800142207
Email: MedInfo@amicusrx.com

Magyarország

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel.: 0680021202
Email: MedInfo@amicusrx.com

Danmark

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tlf: 80253262
Email: MedInfo@amicusrx.com

Malta

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 80062674
Email: MedInfo@amicusrx.com

Deutschland

Amicus Therapeutics GmbH
Tel: + 49 89 2488 798 10 & 0800 000 2038
Email: MedInfo@amicusrx.com

Nederland

Amicus Therapeutics BV
Tel: + 31 20 235 8510 & 0800 0228399
Email: MedInfo@amicusrx.com

Eesti

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 8000111911
Email: MedInfo@amicusrx.com

Norge

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tlf: 80013837
Email: MedInfo@amicusrx.com

Ελλάδα

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Τηλ: 00800126169
Email: MedInfo@amicusrx.com

España

Amicus Therapeutics S.L.U.
Tel: +34 900 941 616
Email: MedInfo@amicusrx.com

France

Amicus Therapeutics SAS
Tél: +33 800 906 788
Email: MedInfo@amicusrx.com

Hrvatska

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 0800222452
Email: MedInfo@amicusrx.com

Ireland

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 1800936230
Email: MedInfo@amicusrx.com

Ísland

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Sími: 8007634
Email: MedInfo@amicusrx.com

Italia

Amicus Therapeutics S.r.l.
Tel: 800795572
Email: MedInfo@amicusrx.com

Κύπρος

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Τηλ: 80097595
Email: MedInfo@amicusrx.com

Latvija

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 80005391
Email: MedInfo@amicusrx.com

Österreich

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 0800005475
Email: MedInfo@amicusrx.com

Polska

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel.: 008001215475
Email: MedInfo@amicusrx.com

Portugal

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 800812531
Email: MedInfo@amicusrx.com

România

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: + 0808 03 4288, 877-309-5040
Email: MedInfo@amicusrx.com

Slovenija

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 080081794
Email: MedInfo@amicusrx.com

Slovenská republika

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 0800002437
Email: MedInfo@amicusrx.com

Suomi/Finland

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Puh/Tel: 0800917780
Email: MedInfo@amicusrx.com

Sverige

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 020795493
Email: MedInfo@amicusrx.com

United Kingdom

Amicus Therapeutics, UK Ltd
Tel: 08082346864 & +44 175 3888 567
Email: MedInfo@amicusrx.com

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður**Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar**

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu: <http://www.ema.europa.eu>. Þar eru líka tenglar á aðra vefi um sjaldgæfa sjúkdóma og lyf við þeim.